



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **SAMÚÐARKVEÐJA TIL CHILE**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í dag sent forseta Chile, Michelle Bachelet, samúðarkveðjur frá sér og íslensku þjóðinni vegna jarðskjálftanna í landinu.

Í kveðjunni lýsir forseti þeirri von sinni að samstaða Chilebúa og alþjóðlegur stuðningur muni draga úr þeim hörmungum sem jarðskjálftarnir hafa haft í för með sér. Hugur okkar sé með fjölskyldum og vinum þeirra sem látist hafa.

*1. mars 2010.*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*